



Jökularannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 71

Apríl 1999

VORFUNDUR

Vorfundur Jökularannsóknafélags Íslands verður haldinn í sýningarsal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6 þriðjudaginn 27. apríl 1999 kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Aurasvæði við Brúarjökul *Óskar Knudsen jarðfræðingur*
2. Kaffihlé
3. Tindfjallajökull *Magnús Hallgrímsson verkfræðingur*

VORFUNDUR

Aurasvæði við Brúarjökul

Jöklamenn hafa löngum talið aurasvæðin framan við jökla einungis áhugaverð fyrir það að þar má komast í góðar festur og basla með bíla sólarhringum saman.

Það má þó finna á þessum svæðum fleira til skemmtunar og um það fjallar fyrirlesturinn þann 27. apríl n.k.

Brúarjökull er sá jökull sem lengst gengur fram í framhlaupum á Íslandi og þótt víðar væri leitað. Hann hopar einnig mest allra jökla á Íslandi milli framhlaupa og þá birtast þær myndanir sem hér eru til umræðu.

Brúarjökull hljóp fram 1890 og aftur 1964, einnig eru þekkt framhlaup 1810, 1720-1730 og 1625. Í framhlaupinu 1890 gekk jökullinn lengst fram á nútíma og ruddi þá upp frægum jökulgörðum, Töðuhrakum sem eru áberandi í landslaginu. Í og eftir framhlaupið mynduðust einnig malarásar og aurkeilur. Sigurður Þórarinnsson (1969) benti á að Brúarjökul er líkur jökulum síðasta jökulskeiðs og setmyndanir þar líkar þeim sem urðu til við jaðra jökulhvela sem huldu Skandinavíu og Kanada á síðasta jökulskeiði.

Brúarjökull hleypur fram um u.þ.b. 10 km á nokkrum mánuðum. Í framhlaupinu veturinn 1963-1964 jókst flatarmál hans úr 1580 í 1740 km² eða um 160 km². Hlaupunum fylgja nokkrir vatnavextir og geysilegur aurburður mældist í Jökulsá á Brú meðan á framhlaupinu 1963-1964 stóð. Farið verður um víðan völl um sanda, jökulgarða, jökulurðir og malarása við Brúarjökul, Tungnaárjökul og Skeiðarárjökul. Endað verður á því að gera stuttlega grein fyrir því hvernig þessar rannsóknir koma að haldi við rannsóknir á fornum setmyndunum í Kanada og Skandinavíu þar sem jöklar líkir Vatnajökli ærsluðust fyrir 10.000 árum.

Óskar Knudsen

Tindfjallajökull

Til tals hefur komið að fara sumarferðina að Tindfjallajökli. Að gefnu því tilefni segir Magnús Hallgrímsson frá svæðinu og sýnir myndir eftir kaffihlé.

AÐALFUNDUR JÖRFÍ 1999

Aðalfundur Jökларannsóknafélags Íslands var haldinn 25. febrúar 1999 í sýningarsal Ferðafélags Íslands Mörkinni 6.

Formaður Magnús Tumi Guðmundsson flutti skýrslu sína um starfsemi félagsins.

Garðar Briem gjaldkeri félagsins skýrði reikninga fyrir árið 1998 og voru samþykktir athugasemdalaust.

Í aðalstjórn voru endurkosin þau Oddur Sigurðsson og Steinunn Jakobsdóttir. Í varastjórn voru endurkosnir Ástvaldur Guðmundsson og Halldór Gíslason.

Stjórn Jökларannsóknafélags Íslands skipa nú

Magnús Tumi Guðmundsson formaður kosinn 1998 til 3 ára

Oddur Sigurðsson varaformaður kosinn 1999 til 2 ára

Garðar Briem gjaldkeri kosinn 1998 til 2 ára

Steinunn Jakobsdóttir ritari kosinn 1999 til 2 ára

Alexander Ingimarsson meðstjórnandi kosinn 1998 til 2 ára.

Varastjórn Jökларannsóknafélags Íslands

1. Ástvaldur Guðmundsson

2. Jón Sveinsson

3. Halldór Gíslason

4. Hannes Haraldsson

Nefndaskipan er sem hér segir:

- Rannsóknanefnd: Magnús Tumi Guðmundsson, formaður, Bryndís Brandsdóttir, Finnur Pálsson, Hannes Haraldsson, Jón Sveinsson, Oddur Sigurðsson og Steinunn Jakobsdóttir.
- Skálanefnd: Sverrir Hilmarsson formaður, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Guðmundur Þórðarson, Jón Ísdal, Stefán Bjarnason og Vilhjálmur Kjartansson.
- Bílanefnd: Þorsteinn Jónsson formaður, Árni Páll Árnason, Garðar Briem, Hafliði Bárður Harðarson, Halldór Gíslason, Sigurjón Hannesson, Sigurður Vignisson og Steinunn Jakobsdóttir.
- Valnefnd: Stefán Bjarnason var endurkjörinn til 3 ára en áfram sitja Gunnar Guðmundsson 2 ár í viðbót og Sveinbjörn Björnsson í 1 ár.

JÖKULGARÐAR Á NORÐURLÖNDUM

Út er komin hjá Ráðherranefnd Norðurlandaráðs myndarleg bók um jökulhörfun og jökulgarða á Norðurlöndum. Hún heitir *Íslands-
linier i Norden* og er 372 síður skreytt kortum, teikningum og ljós-
myndum. Kaflan *Ísaldarlok og jökuljaðrar á Íslandi* skrifaði dr. Ólaf-
ur Ingólfsson jarðfræðingur á sænsku og er þar auk þess að finna sam-
antekt um þann kafla og efni bókarinnar í heild á íslensku.

Í lokin eru svo nokkrir sérkaflar um valda staði sem hafa sögu að
segja um Ísaldarlokin á Íslandi. Þeir eru Melabakkar-Ásbakkar og
Skorholtsmelar, Fossvogur í Reykjavík, Hvalvík og Röndin á Mel-
rakkasléttu, Fnjóskadalur, Hólkot-Fagraneshryggur og Vestmanns-
vatn í Reykjadal, Vopnafjörður, Búðaröðin og Búðaberg og loks Mið-
hálandið. Með bókinni fylgir myndarlegt kort af Norðurlöndum þar
sem merktir eru helstu drættir sem varða hörfun jökuls í lok Ísaldar-
innar.

Mál og menning sér um að dreifa bókinni á Íslandi.

Oddur Sigurðsson